



1. útgáfa / 22.12.2009

Öryggisblað (MSDS)

skv. reglugerð UST nr. 750/2008 (REACH)

1. AUÐKENNING EFNISINS EÐA EFNABLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS EÐA FYRIRTÆKISINS

Vöruheiti: N1 White Sprit (Terpentína)

Vörunúmer: A99 781201
A99 781205
A99 7812020
A99 78120200

Notkunarsvið: Leysiefni

Framleiðandi: Chemex Products ApS

Söluaðili: N1
Dalvegur 10-14
201 Kópavogur

Sími: 440 1000
Netfang: n1@n1.is
Veffang: www.n1.is

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Símanúmer neyðarlínunnar er 112.

2. HÆTTUGREINING

Fólk:

Efnið telst varasamt fólk skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Eldfimt.

Getur valdið ofnæmi við innöndun og í snertingu við húð.

Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.

Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Umhverfi:

Efnið flokkast sem hættulegt umhverfinu (N) skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

Sjá einnig 12. lið.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

Innihaldsefni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Flokkur	Merki	H-setningar	Styrkur
Hrábensín (úr jarðolíu), brennisteinssneytt með vetni, þungt (bensen <0,1%)	64742-82-1	265-185-4	-	Xn,N	10-65-66-67-51/53	100%
1,2,4-Trímetylbenzen	95-63-6	202-436-9	-	Xn,N	10-20-36/37/38-51/53	4%
Xýlen, blanda ísómera	1330-20-7	215-535-7	-	Xn	10-20/21-38	2%
Mesitylen	108-67-8	203-604-4	-	Xi,N	10-37-51/53	1%
Etýlbenzen	100-41-4	202-849-4	-	F,Xn	11-20	0,3%

Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið.

Sjá flokkun efnisins í 2. og 15. lið og H- og V-setningar þess í 15. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIÐHJÁLÐ

Almennt:

Öryggisblað skal ætíð vera tiltækt á vinnustað.

Ef grunur um heilsutjón eða krankleika vaknar leitið þá strax lækni.

Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf.

Sé sá slasaði meðvitundarlaus; leggið hann í læsta hliðarlegu og leitið strax lækni.

Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk!

Hafið í huga að hættulegt getur verið að veita blástursaðferð ef efnið er eitrað, hættulegt við inntöku eða ætandi.

Sýnið lækni öryggisblað.

Innöndun:

Tryggið ferskt loft.

Haldið hita á þeim slasaða og látið hann hvílast.

Veitið öndunaraðstoð andi sá slasaði óreglulega eða alls ekki. Þjálfaður aðili getur gefið þeim slasaða súrefni.

Leitið lækni verði óþæginda eða meðvitundarleysis vart.

Snerting við augu:

Fjarlægjið linsur ef við á. Skolið strax með miklu af vatni í a.m.k. 15 mín. og haldið auganu vel opnu á meðan.

Hafið samband við lækni ef erting er viðvarandi.

Snerting við húð:

Þvoið strax vel með sápu og miklu af vatni. Fjarlægjið allan fatnað sem komist hefur í snertingu við efnið.

Inntaka:

Skolið strax munn með miklu vatni - Tryggið síðan strax ferskt loft að því loknu.

Hafið strax samband við lækni - Farið strax á slysamóttöku.

Látið þann slasaða hvílast.

Framkallið EKKI uppköst.

Sérstakar upplýsingar fyrir lækni:

Uppköst í kjölfar inntöku geta leitt til þess að efnið berist í lungu og þannig kemískrar lungnabólgu eða köfnunar.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

Æskileg/nauðsynleg viðbrögð við eldsvoða:

Fjarlægjið umbúðir af eldstað sé slíkt mögulegt - ef ekki, kælið með vatnsúða.

Gætið þess að efni frá slökkvistarfi og mengað vatn berist ekki í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

Viðeigandi slökkviefni:

Alkóhólpólin froða, kolsýra, slökkviduft eða vatnsúði.

Slökkviefni sem af öryggisástæðum má ekki nota:

Vatnsbuna.

Sérstök hættu vegna efnisins eða efna sem myndast við bruna:

Við bruna myndast þykur, svartur reykur.

Innöndun efna sem myndast við bruna geta valdið alvarlegu heilsutjóni.

Persónulegur hlífðarbúnaður:

Notkun hlífðarbúnaðar fer eftir eðli og umfangi eldsvoðans.

Notkun öndunarbúnaðar getur verið nauðsynleg.

Slökkviliðsmenn sem eiga á hættu að anda að sér reyk eða lofttegundum frá brunanum skulu nota ferskloftsrímu (SCBA).

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

Sjá 8. lið fyrir takmörkun áverkunar og notkun persónuhlífa og 13. lið fyrir förgun.

Tilkynningar:

Berist efni á einhvern hátt í umhverfið skal tilkynna það viðeigandi yfirvöldum, s.s. lögreglu, slökkviliði og heilbrigðiseftirliti.

Verði leki á sjó skal vara við önnur skip í nágrenninu og tilkynna leka til hafnar og viðeigandi yfirvalda.

Til verndar fólki:

Haldið fólki fjarri.
Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun gufu.
Fjarlægjið alla hugsanlega íkveikjuvalda - Reykingar bannaðar.
Gerið ráðstafanir gagnvart stöðurafmagni.
Notið viðeigandi hlífðarfatnað. Sjá lið 8.

Til verndar umhverfi:

Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, sjó/vatn, grunnvatn eða jarðveg.

Aðferðir við hreinsun:

Hreinsið upp með óbrennanlegu ísogsefni, s.s. mold, sandi, kísilgúr eða sambærilegu efni.
Mokið/dælið upp og komið fyrir í merktu íláti. Fargið eins og fram kemur í 13. lið.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA**Meðhöndlun:**

Öryggi fólks við meðhöndlun:

Sjá 6. lið.

Tryggið góða loftræstingu.

Forðist alla snertingu efnisins við húð.

Forðist innöndun gufu/úða.

Fyrirbyggjið eftir aðstæðum myndun stöðurafmagns.

Varnir vegna eld- og/eða sprengihættu:

Gerið ráðstafanir gagnvart stöðurafmagni.

Öll rafmagnstæki skulu vera jarðtengd.

Til varnar umhverfi:

Hellið ekki í niðurföll.

Geymsla:

Almennt:

Geymið í vel lokuðum umbúðum.

Efni geymt með öðrum efnum:

Sjá 10. lið.

Geymið fjarri oxunarmiðlum, sterkum alkalískum efnum (bösum) og sýrum.

Sérstakar geymsluaðstæður:

Sjá 9. og 10. lið.

Geymið á þurrum, svölum og vel loftræstum stað.

Umbúðir:

Tómar umbúðir innihalda leifar af efninu og þær skal því meðhöndla af varúð og koma sem fyrst til spilliefnamóttöku.

Opnið umbúðir varlega.

8. TAKMÖRKUN VÁHRIFA/PERSÓNUHLÍFAR

Tryggið góða loftræstingu annað hvort með staðbundnu útsogi eða almennri loftræstingu.

Nægi loftræsting ekki til að halda styrk efnisins (eða innihaldsefna þess) í lofti á vinnustað undir mengunarmörkum skal nota viðurkennda öndunargrímu.

Engin mengunarmörk hafa verið skilgreind fyrir efnið, en eftirfarandi mengunarmörk gilda fyrir þau innihaldsefni. Þess sem getið er í 2. lið skv. reglum VER nr. 390/2009 með síðari breytingum:

Efni	Meðalgildi ppm	Meðalgildi mg/m ³	Þakgildi ppm	Þakgildi mg/m ³
1,2,4-Trímetylbenzen	20	100	-	-
Xýlen, blanda ísómera	25	109	100	442
Mesitylen	20	100	-	-
Etylbenzen	50	200	200	884

Persónuhlífar:

Til hlífðar öndunarfærum:

Sé loftræsting ekki nægjanleg skal nota viðurkennda öndunargrímu með síu A (brún, fyrir lífræn efni).

Sé áverkun mikil (þ.e. styrkur efna hár) eða unnið í litlu rými skal nota ferskloftsgrímu.

Til hlífðar höndum:

Notið efnapolna hlífðarhanska sem uppfylla EN 374 staðal, t.d. úr bútýlgúmmí.

Kannið þol hlífðarhanska áður en þeir eru notaðir í fyrsta skipti.

Athugið að ítarlegar prófanir hafa ekki farið fram á poli hlífðarhanska gagnvart efninu.

Valið byggir á bestu þekkingu og upplýsingum um innihaldsefni og upplýsingum framleiðanda hlífðarhanska.

Til hlífðar augum:

Sé hættu á slettum skal nota þétt hlífðargleraugu með hliðarvörn.

Til hlífðar húð:

Hlífðarfatnað skal velja með hliðsjón af notkun efnisins og hættum þess samfara.

Klæðist efnaþolnum hlífðarfatnaði.

Tæknilegar ráðstafanir:

Greiður aðgangur að vatni.

Augnskol og neyðarsturta.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR**Almennar upplýsingar:**

Form:	Vökvi
Litur:	Litlaus
Lykt:	Jarðolía/leysiefni
Bræðslumark:	<-20°C
Suðumark:	142-200°C
Íkveikjumark:	>200°C
Sprengimörk:	
Neðri sprengimörk (LEL):	0,6
Efri sprengimörk (UEL):	7
Eðlisþyngd gufu (loft=1):	>1
Gufuþrýstingur við 20°C:	0,2 kPa
Gufuþrýstingur við 50°C:	1,5 kPa
Uppgufunarhraði	0,11
Eðlisþyngd við 20°C:	0,790 g/cm ³
Seigja við 25°C:	1,15 cSt
Seigja við 40°C:	0,93 cSt
Leysanleiki:	
Vatn:	Takmarkað

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI**Aðstæður sem skal forðast:**

Sjá 7. lið.

Stöðugt við tilætlaða notkun og réttar geymsluaðstæður.

Hiti, opinn logi, blossar og aðrir íkveikjuvaldar s.s. stöðurafragn.

Efni sem skal varast:

Sjá 7. lið.

Sterka oxunarmiðlar (t.d. ýmis bleikiefni o.þ.h.).

Varasöm niðurbrotsefni:

Sjá 5. lið.

Efnið brotnar ekki niður við umhverfishitastig.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Efnið telst varasamt fólki skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Engar upplýsingar liggja fyrir um eiturfraeðileg áhrif efnisins, en eftirfarandi upplýsingar byggja á þekkingu á innihaldsefnum þess.

Bráð/siðbúin eituráhrif:**Snerting við augu:**

Getur valdið ertingu í augum og slímhimnu.

Frekari upplýsingar:

Efnið inniheldur lífræn leysiefni sem geta borist í líkamann við síendurtekna eða langvarandi snertingu við húð og við innöndun eða inntöku. Lífræn leysiefni geta valdið skaða á nýrum, lifur og miðtaugakerfi. Einkenni geta m.a. verið höfuðverkur, svimi, þreyta, vöðvaverkir, sljóleiki og sé um mjög mikið magn að ræða meðvitundarleysi.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Efnið flokkast sem hættulegt umhverfinu (N) skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Engar upplýsingar liggja fyrir um umhverfisáhrif efnisins.

Upplýsingar í þessum lið byggja á þekkingu á innihaldsefnum.

Umhverfiseituráhrif:

Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

Hreyfanleiki:

Efnið gufar auðveldlega upp og leysist fljótlega í andrúmsloftinu.

Þrávirkni og niðurbrot:

Efnið talið vera auðniðurbrotanlegt.

13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN**Förgun efnis/efnisleifa:**

Farga skal efninu og leifum þess skv. gildandi lögum og reglum.
Koma skal efninu til móttökustöðvar.

Förgun umbúða undan efninu:

Farga skal umbúðum undan efninu skv. gildandi lögum og reglum.
Tæmið umbúðir vel og hreinsið ef hægt er áður en þeim er skilað til förgunar/endurvinnslu.
Umbúðum, sem ekki er hægt að tæma eða hreinsa á fullnægjandi hátt, skal fargað á sama hátt og efninu.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING**Vegflutningar ADR:**

Flokkur: 3 (F1) Eldfimir vökvar
UN-númer: 1300
Hættuflokkur: 3
Hættunúmer: 30
Pökkunarflokkur: III
Lýsing á innihaldi: TERPENTÍNA

Sjóflutningar IMO/IMDG:

Flokkur: 3
UN-númer: 1300
Merking: 3
Pökkunarflokkur: III
EMS-númer: F-E, S-E
Mengar haf: YES
Proper ship name: TURPENTINE SUBSTITUTE

Flugfrakt ICAO/IATA:

Flokkur: 3
UN-númer: 1300
Merking: 3
Pökkunarflokkur: III

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

Merkingar eru í samræmi við reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum og upplýsingar frá framleiðanda.
Innihaldsefni uppfylla kröfur reglugerðar nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir (REACH).

Varnaðarmerki: Xn,N



Varnaðarorð: Hættulegt heilsu, hættulegt umhverfinu.

Innihald (m.a.): Hrábensín (úr jarðolíu), brennisteinssneytt með vetni, þungt (bensen <0,1%)

Hættusetningar:

10 Eldfimt.
42/43 Getur valdið ofnæmi við innöndun og í snertingu við húð.
51/53 Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.
65 Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.
66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.
67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

Varnaðarsetningar:

- | | |
|----|---|
| 2 | Geymist þar sem börn ná ekki til. |
| 23 | Varist innöndun lofttegundar/reyks/gufu/úða. |
| 24 | Varist snertingu við húð. |
| 57 | Notið viðeigandi umbúnað/umbúðir til að forðast mengun umhverfisins. |
| 60 | Efni og umbúðum skal fargað sem spilliefnum. |
| 61 | Forðist losun út í umhverfið. Athugið sérstakar ráðleggingar/öryggisleiðbeiningar. |
| 62 | Varist að framkalla uppköst eftir inntöku. Leitið umsvifalaust læknis og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar. |

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Hættusetningar innihaldsefna:

- | | |
|----------|---|
| 10 | Eldfimt. |
| 11 | Mjög eldfimt. |
| 20 | Hættulegt við innöndun. |
| 20/21 | Hættulegt við innöndun og í snertingu við húð. |
| 36/37/38 | Ertir augu, öndunarfæri og húð. |
| 37 | Ertir öndunarfæri. |
| 38 | Ertir húð. |
| 51/53 | Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni. |
| 65 | Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku. |
| 66 | Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð. |
| 67 | Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima. |

Varnaðarmerki innihaldsefna:

- F - Mjög eldfimt
- Xn - Hættulegt heilsu
- Xi - Ertandi
- N - Hættulegt umhverfinu

Útgáfa: 1.

Dags.: 22.12.2009

Öryggisleiðbeiningar þessar eru unnar af Mannviti (FI).

SNR Mannvits: OB-100-119-2.100.012

Öryggisleiðbeiningar þessar eru byggðar á okkar bestu þekkingu ásamt upplýsingum frá framleiðanda og eru unnar í samræmi við gildandi reglugerðir. Öryggisleiðbeiningarnar eiga einungis við um vöruna eins og hún kemur frá söluaðila. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hverju sinni.